



Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík 24. júní 2013

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 163/2007, um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, með síðari breytingum (tölfræðilegar upplýsingar um skuldir heimila og fyrirtækja). Þingmál nr. 14 á 142. löggjafarþingi.

Undirrituðum hefur verið falið að skila inn athugasemdum við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 163/2007, um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, með síðari breytingum (tölfræðilegar upplýsingar um skuldir heimila og fyrirtækja) f.h. Landsbankans hf.

Almennar athugasemdir:

Það er álit Landsbankans að ávallt sér rétt að fara varlega þegar setja á lög sem víkja frá 58. gr. laga nr. 161/2001 um fjármálafyrirtæki, er fjallar um bankaleynd. Hér er mikilvægt að hafa í huga að um er að ræða breytingar á nánast skilyrðislausri skyldu fjármálafyrirtækja til þess að varðveita og láta ekki frá sér upplýsingar um fjárhagsleg málefni viðskiptavina sinna.

Það er álit Landsbankans að réttast væri að nálgast þær upplýsingar sem frumvarpið fjallar um með því að nýta þær lagaheimildir sem opinberar eftirlitsstofnanir hafa nú þegar, t.d. í lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt og lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þannig væri jafnframt hægt að nýta upplýsingargáttir sem nú þegar eru til staðar til þess að miðla samskonar upplýsingum til opinberra stofnanna, t.d. Ríkisskattstjóra. Gæti það sparað tíma og fyrirhöfn við vinnslu og sendingu gagna ásamt því að auka öryggi, en dreifing til fleiri aðila eykur almennt líkur á því að upplýsingar komist í hendur óviðkomandi aðila.

Vegna mikilvægi þeirra upplýsinga sem ætlunin er að miðla er rétt að leggja áherslu á að þær séu varðveittar dulkóðaðar og þeim verði ekki miðlað til óviðkomandi aðila þannig að mögulegt verði að tengja þær við einstaklinga eða fyrirtæki. Rétt er að gögnunum sé eytt um leið og notkun þeirra og skýrslugerð er lokið.

Mikilvægt er að gæta þess ekki sér krafist meiri upplýsinga en þörf er á til að ná fram tilgangi verkefnisins. Fjármálastofnunum sé gert kleift að vinna þær upplýsingar sem beðið er um með aðgengilegum hætti þannig vinnsla þeirra verði ekki íþyngjandi og valdi þannig auknum kostnaði



og vinnu.

Virðingarfyllst,

f.h. Landsbankans

**Ásgeir Helgi
Jóhannsson**

Digitally signed by Ásgeir Helgi
Jóhannsson
DN: c=IS, ou=meinkaskilríki,
ou=Undirritun, ou=7,
serialNumber=2506775379, cn=Ásgeir
Helgi Jóhannsson
Date: 2013.06.25 00:19:50 Z

Ásgeir Helgi Jóhannsson, hdl.